

Skeljungur hf.

Ársreikningur 2002

Skeljungur hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Kt. 590269-1749

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
ón/sþ			

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Skeljungs hf. er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem voru tvö í árslok, og ársreikning móðurfélagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 15.102 millj. kr. og rekstrartekjur móðurfélagsins 14.009 millj. kr. Hagnaður samstæðunnar nam 1.306 millj. kr. á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 12.901 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 5.535 millj. kr.

Alþingi samþykkti undir lok ársins 2001 breytingar á lögum um ársreikninga þess efnis að afnema skyldi verðleiðrétt reikningsskil á Íslandi frá ársbyrjun 2002. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um tveggja ára aðlögunartíma þannig að á árunum 2002 og 2003 verður áfram heimilt að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil. Jafnframt voru verðleiðréttingar afnumdar úr skattalögum og tekur sú breyting gildi frá og með 1. janúar 2002. Stjórn félagsins hefur ákveðið að breyta ekki um reikningsskilaaðferð við gerð þessa ársreiknings og er hann því verðleiðréttur. Ef reikningsskil Skeljungs hf. fyrir árið 2002 hefðu verið án verðleiðréttinga hefði afkoma félagsins verið um 28 millj. kr. lægri og eigið fé í árslok hefði verið um 5.413 millj. kr.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 332 í árslok og fækkaði þeim um 186 á árinu. Í árslok áttu fimm hluthafar yfir 10% hlut, en það eru:

	Eignarhlutur
Kaupþing banki hf.	26,8%
Shell Petroleum Company Ltd.	21,1%
Sjóvá – Almennar tryggingar hf.	13,5%
Haukþing ehf.	12,6%
Burðarás hf.	11,8%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa á árinu 2003 vegna rekstrarársins 2002, en vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun á hagnaði ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Skeljungs hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2003.

Stjórn:

Benedikt Jóhannesson

Hörður Sigurgestsson

Gunnar Sch. Thorsteinsson

Gunnar Ólafsson

Haraldur Sturlaugsson

Friðrik Pálsson

Forstjóri:

Kristinn Björnsson

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Skeljungs hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Skeljungs hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning og ársreikning móðurfélagsins. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 39. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 20. febrúar 2003.

Ólafur Nilsson

Bogi Bogason

KPMG Endurskoðun hf.

Gunnar Felixson

Kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
Hreinar rekstrartekjur:					
Vörusala	5	14.757.413	16.160.232	13.614.766	15.042.884
Kostnaðarverð seldra vara		(11.213.756)	(12.354.008)	(10.641.744)	(11.841.083)
Framlegð af vörusölu		3.543.657	3.806.224	2.973.022	3.201.801
Aðrar tekjur	5	344.413	354.001	393.959	400.643
Hreinar rekstrartekjur		<u>3.888.070</u>	<u>4.160.225</u>	<u>3.366.981</u>	<u>3.602.444</u>
Rekstrargjöld:					
Sölu- og dreifingarkostnaður		2.150.088	2.046.922	1.720.260	1.623.664
Annar rekstrarkostnaður		535.067	504.398	501.794	480.939
Afskriftir	7,21	397.517	373.755	341.639	311.720
Rekstrargjöld		<u>3.082.672</u>	<u>2.925.075</u>	<u>2.563.693</u>	<u>2.416.323</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		805.398	1.235.150	803.288	1.186.121
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	19	790.821	(631.122)	788.123	(563.249)
Gjaldfært yfirverð vegna kaupa á dótturfélögum		0	(26.866)	0	(26.866)
Önnur áhrif dótturfélaga	8,24	0	0	1.767	(15.206)
Áhrif hlutdeildarfélaga	9,25	7.857	(17.710)	7.857	(17.710)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.604.076	559.452	1.601.035	563.090
Tekjuskattur	15,32	(298.445)	(40.879)	(295.404)	(44.517)
Hagnaður ársins	31	<u>1.305.631</u>	<u>518.573</u>	<u>1.305.631</u>	<u>518.573</u>
Hagnaðarhlutur:					
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	6,20	1,76	0,70	1,76	0,70

31. desember 2002

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Samstæða 2002	2001	Móðurfélag 2002	2001
Eigið fé:					
Hlutfé	14,30	742.189	743.489	742.189	743.489
Endurmatsreikningur		87.167	67.898	87.167	67.898
Lögbundinn varasjóður		220.559	190.842	220.559	190.842
Óráðstafað eigið fé		4.485.498	3.231.798	4.485.498	3.231.798
Eigið fé 30,31		<u>5.535.413</u>	<u>4.234.027</u>	<u>5.535.413</u>	<u>4.234.027</u>
Skuldbindingar:					
Tekjuskattsskuldbinding	15,32	<u>224.004</u>	<u>169.088</u>	<u>225.864</u>	<u>169.631</u>
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir	34,35	<u>3.097.325</u>	<u>3.437.543</u>	<u>3.063.163</u>	<u>3.384.415</u>
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir		2.535.059	1.060.444	2.531.641	974.248
Viðskiptaskuldir		278.940	326.843	192.911	254.149
Skuldir við hlutdeildarfélag		11.715	69.626	11.715	70.395
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	35	46.954	42.318	26.923	22.680
Skattar ársins		251.838	135.647	245.268	130.718
Aðrar skammtímaskuldir		919.945	832.219	837.482	763.317
		<u>4.044.451</u>	<u>2.467.097</u>	<u>3.845.940</u>	<u>2.215.507</u>
Skuldir samtals		<u>7.365.780</u>	<u>6.073.728</u>	<u>7.134.967</u>	<u>5.769.553</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>12.901.193</u>	<u>10.307.755</u>	<u>12.670.380</u>	<u>10.003.580</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	4,33				

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Ársreikningurinn byggir á verðleiðréttum reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, þó er gerð breyting á flokkun kostnaðarliða í rekstrarreikningi og er samanburðartölum breytt til samræmis. Breytingin hefur engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags.

Stöður milli samstæðufélaga og viðskipti milli félaganna eru felldar út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Verðleiðrétting reikningsskila

2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan ársins, sem var 2,0%.

Varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í félögum, öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum, eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2002. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 44 / 48 millj. kr. hjá samstæðunni / móðurfélaginu. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingarfærsla eru færðar í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 31.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002. Rekstartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikninginn.

Afleiðusamningar

4. Framvirkir gjaldmiðlasamningar félagsins eru gerðir til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu vegna eigna og skulda. Hér er annars vegar um að ræða mynt- og vaxtaskiptasamninga sem gerðir eru vegna skuldasetningar félagsins og hins vegar samninga í tengslum við vöruinnkaup félagsins. Miðað við árslok hefur félagið skuldbundið sig til afleiðuviðskipta fyrir um 1.559 millj. kr.

Þar sem afleiðusamningar eru notaðar til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna og skulda, er hagnaður eða tap af áhættuvörninni fært í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

Innlausn tekna

5. Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda.

Hagnaðarhlutur

6. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður á árinu nemur 1.306 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 740 millj. kr. Félagið hefur ekki tekið lán sem breytanleg eru í hlutafé.

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar	17 – 50 ár
Vélar, áhöld og tæki	4 – 13 ár

Dótturfélög

8. Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins sem sérstakur liður.

Hlutdeildarfélög

9. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum öðrum en Haukþingi ehf. og Sundabakka ehf., sbr. skýringu 25 og 39, eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Yfirverðið er gjaldfært á fimm árum.

Önnur félög

10. Eignarhlutir í öðrum félögum, þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár, eru færðir á framreiknuðu kostnaðarverði. Arður frá þessum félögum er færður til tekna meðal fjármunatekna þegar honum er úthlutað.

Birgðir

11. Vörubirgðir eru metnar til eignar á síðasta innkaupsverði.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

12. Skammtímakröfur og verðbréf eru færð niður í ársreikningnum til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

Handbært fé

13. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Félagið hefur fjárfest í öðrum verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, skammtímaverðbréf, meðal veltufjármuna.

Hluta fé

14. Við kaup á eigin hlutabréfum er kaupverðið, að meðtöldum kostnaði sem tengist kaupunum, fært til lækkunar á eigin fé. Ef eigin hlutabréf eru seld færast salan til hækkunar á eigin fé. Hvorki er færður söluhagnaður né sölutap vegna þessara viðskipta.

Tekjuskattsskuldbinding

15. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Ársfjórðungayfirlit

16. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	Samtals
Vörusala	3.429.622	3.786.423	4.140.922	3.400.446	14.757.413
Kostnaðarverð seldra vara	(2.628.582)	(2.921.142)	(3.104.000)	(2.560.032)	(11.213.756)
Framlegð af vörusölu	801.040	865.281	1.036.922	840.414	3.543.657
Aðrar tekjur	82.933	66.572	88.467	106.441	344.413
Hreinar rekstrartekjur	883.973	931.853	1.125.389	946.855	3.888.070
Sölu- og dreifingarkostnaður	518.796	530.905	549.225	551.162	2.150.088
Annar rekstrarkostnaður	146.405	145.749	112.371	130.542	535.067
Afskriftir	99.925	101.732	103.161	92.699	397.517
	765.126	778.386	764.757	774.403	3.082.672
Rekstrarhagnaður (EBIT)	118.847	153.467	360.632	172.452	805.398
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	116.929	321.252	107.573	245.344	791.098
Áhrif hlutdeildarféлага	4.588	4.319	8.033	(9.360)	7.580
Hagnaður fyrir tekjuskatt	240.364	479.038	476.238	408.436	1.604.076
Tekjuskattur	(39.467)	(84.749)	(97.573)	(76.656)	(298.445)
Hagnaður	200.897	394.289	378.665	331.780	1.305.631

Skýringar, frh.:

Starfsmannamál

17. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2002	2001	2002	2001
Laun	1.078.811	1.034.920	876.884	806.854
Launatengd gjöld	161.246	140.068	132.171	108.700
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.240.057</u>	<u>1.174.988</u>	<u>1.009.055</u>	<u>915.554</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu				
umreiknað í heilsársstörf	360	370	289	285
Stöðugildi í árslok	329	350	268	277

18. Laun stjórnar, forstjóra og fjögurra framkvæmdastjóra móðurfélagsins námu samtals 82 millj. kr. á árinu 2002.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

19. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	131.853	219.602	115.751	202.505
Tekjur af eignarhlutum	270.990	23.557	266.092	23.440
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum .. (71.849) (52.365) (55.000) (17.819)
Vaxtagjöld	277.481) (418.324) (267.249) (385.623)
Gengismunur	692.815 (582.925)	680.713 (571.422)
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	44.493	179.333	47.816	185.670
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>790.821</u>	<u>(631.122)</u>	<u>788.123</u>	<u>(563.249)</u>

Hagnaðarhlutur

20. Útreikningur hagnaðarhlutar byggir á hagnaði og vegnu meðaltali hlutafjár í árslok.

<i>Vegið meðaltal hlutafjár</i>	Skýr.	2002	2001
Útistandandi hlutafé 1.1.	31	743.489	747.717
Áhrif eigin hlutabréfa		(3.162) (2.466)
Vegið meðaltal hlutafjár		<u>740.327</u>	<u>745.251</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

21. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Samstæða	Fasteignir	Vélar, áhöld og flutningatæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2002	5.573.133	2.805.114	8.378.247
Afskrifað áður	(2.356.284)	(1.880.532)	(4.236.816)
Bókfært verð 1.1.2002	3.216.849	924.582	4.141.431
Endurmat á árinu	63.964	17.327	81.291
Viðbót á árinu	189.469	54.421	243.890
Selt og niðurlagt á árinu	(6.550)	(22.202)	(28.752)
Afskrifað á árinu	(183.882)	(213.635)	(397.517)
Bókfært verð 31.12.2002	3.279.850	760.493	4.040.343
Afskriftahlutföll	2-6%	8-25%	
Heildarverð 31.12.2002	5.794.684	2.714.258	8.508.942
Afskrifað samtals 31.12.2002	(2.514.834)	(1.953.765)	(4.468.599)
Bókfært verð 31.12.2002	3.279.850	760.493	4.040.343
Móðurfélag			
Heildarverð 1.1.2002	5.509.916	2.327.241	7.837.157
Afskrifað áður	(2.346.050)	(1.584.258)	(3.930.308)
Bókfært verð 1.1.2002	3.163.866	742.983	3.906.849
Endurmat á árinu	62.916	14.071	76.987
Viðbót á árinu	188.641	52.610	241.251
Selt og niðurlagt á árinu	(6.550)	(19.060)	(25.610)
Afskrifað á árinu	(181.306)	(160.333)	(341.639)
Bókfært verð 31.12.2002	3.227.567	630.271	3.857.838
Afskriftahlutföll	2-6%	8-25%	
Heildarverð 31.12.2002	5.729.369	2.300.542	8.029.911
Afskrifað samtals 31.12.2002	(2.501.802)	(1.670.271)	(4.172.073)
Bókfært verð 31.12.2002	3.227.567	630.271	3.857.838

Rekstrarleigusamningar

22. Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um vélar, áhöld og flutningatæki. Skuldbindingar vegna þessara samninga, sem eru ekki færðar í efnahagsreikning, nema 74 millj. kr. í árslok.

Fasteignamat og vátryggingaverð

23. Brunabótamat mannvirkja móðurfélags nam í árslok 2002 samtals 3.993 millj. kr. Fasteignamat mannvirkja og lóða nam í árslok samtals 2.595 millj. kr. Vátryggingarverð véla, áhalda og flutningatækja samstæðunnar / móðurfélags nam í árslok samtals 1.194 / 878 millj. kr.

Áhættufé í öðrum félögum

Dótturfélög

24. Í árslok 2002 voru dótturfélög félagsins tvö, Bensínorkan ehf., þar sem eignarhluturinn var 80% og Hans Petersen hf., þar sem eignarhluturinn var 99,95%. Hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélaganna var um 2 millj. kr. og er fjárhæðin færð til tekna í rekstrarreikningi móðurfélagsins sem sérstakur liður.

Hlutdeildarfélag og önnur félög

25. Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Fjölver ehf., Reykjavík	33,3%	100	2.052
Fríkort ehf., Reykjavík	22,5%	20.250	(1.490)
Gasfélagið ehf., Reykjavík	33,3%	10.000	20.846
Haukþing ehf., Reykjavík	33,3%	1.000.000	1.000.000
Sigurplast hf., Reykjavík	46,6%	12.188	69.406
Sundabakki ehf., Reykjavík	31,7%	171	173
Tempra hf., Reykjavík	23,8%	7.133	59.512
Úthafsolía ehf., Reykjavík	33,3%	5.000	1.121
			<u>1.151.620</u>
Hlutdeild í neikvæðu eigin fé færð til skuldar			1.490
			<u>1.153.110</u>

Ekki er færð hlutdeild í afkomu Haukþings ehf. og Sundabakka ehf. þar sem ekki var um neinn rekstur að ræða á árinu 2002.

26. Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Félög skráð á hlutabréfamarkaði:			
Hf. Eimskipafélag Íslands, Reykjavík	5,8%	296.344	1.647.462
Fjárfestingarfélagið Straumur hf., Reykjavík	5,7%	160.000	508.772
Flugleiðir hf., Reykjavík	5,1%	117.672	581.037
Guðmundur Runólfsson hf., Grundarfjörður	2,5%	3.453	19.249
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði	5,0%	22.710	64.806
Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf., Hnífsdal	2,6%	17.699	131.188
Jarðboranir hf., Reykjavík	1,4%	3.708	25.108
Plastprent hf., Reykjavík	11,0%	28.486	53.457
Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Reykjavík	5,5%	31.992	564.476
SR-mjöl hf., Siglufirði	1,0%	13.145	43.186
Tangi hf., Vopnafjörður	3,0%	26.007	54.886
Þorbjörn-Fiskanæs hf., Grindavík	2,5%	27.695	189.950
Þormóður rammi - Sæberg hf., Siglufirði	1,1%	14.822	53.466
Önnur félög			5.804
			<u>3.942.847</u>

frh.:

Skýringar, frh.:

26. Frh.:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Aðrir eignarhlutir:			
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum	4,0%	10.000	10.294
Gná hf., Bolungarvík	15,5%	28.000	54.269
Hraðfrystihús Hellissands hf., Hellissandi	5,0%	510	30.277
Ísfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	0,4%	2.000	27.702
Ístún hf., Vestmannaeyjum	8,0%	30.000	36.012
Vigri hf., Reykjavík	5,0%	5.000	9.750
Ögri hf., Reykjavík	5,0%	5.000	9.750
Ögurvík hf., Reykjavík	3,6%	13.575	19.374
Önnur félög			15.880
			<u>213.308</u>
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum			(55.000)
			<u>158.308</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals			<u>4.101.155</u>
27. Bókfært verð hlutabréfa sem skráð eru á hlutabréfamarkaði nam 3.943 millj. kr. í árslok 2002 en markaðsverð þeirra var á sama tíma talið 4.444 millj. kr. Breyting á markaðsverði hlutabréfa í eigu samstæðunnar í félögum á hlutabréfamarkaði greinist þannig:			Samstæða
Markaðsverð í ársbyrjun			2.125.522
Kaupverð hlutabréfa umfram söluverð			1.695.925
Hækkun markaðsverðs			623.032
Markaðsverð í árslok			<u>4.444.479</u>
Við útreikning á markaðsverði eignarhluta á hlutabréfamarkaði er miðað við gengi skráðra viðskipta á Kauphöll Íslands í árslok 2002.			

Birgðir

28. Vörubirgðir í árslok greinast þannig:	Samstæða		Móðurfélag	
	2002	2001	2002	2001
Eldsneyti	750.402	585.749	750.402	585.749
Smurolía	44.146	58.810	44.146	58.810
Aðrar birgðir	<u>324.506</u>	<u>401.382</u>	<u>185.021</u>	<u>216.426</u>
Vörubirgðir samtals	<u>1.119.054</u>	<u>1.045.941</u>	<u>979.569</u>	<u>860.985</u>

Skammtímakröfur og verðbréf

29. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:				
Afskriftareikningur í ársbyrjun	141.941	175.701	136.096	172.236
Afskrifaðar kröfur á árinu	(22.827)	(103.548)	(17.784)	(97.139)
Framlag í afskriftareikning gjaldfært á árinu	<u>71.982</u>	<u>69.788</u>	<u>68.784</u>	<u>60.999</u>
Afskriftareikningur í árslok	<u>191.096</u>	<u>141.941</u>	<u>187.096</u>	<u>136.096</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

30. Hlutfé félagsins nam í árslok 755 millj. kr. samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hlutfé samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

Hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins	755.401
Eigin hlutabréf	(13.212)
Hlutfé 31.12.2002	<u>742.189</u>

31. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Samstæða	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2002	743.489	67.898	190.842	3.231.798	4.234.027
Eigin hlutabréf, breyting	(1.300)		29.717		28.417
Greiddur arður				(125.965)	(125.965)
Endurmat eigna		137.796			137.796
Hagnaður ársins				1.305.631	1.305.631
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga		(44.493)			(44.493)
Endurmat eigin fjár		(74.034)		74.034	
Eigið fé 31.12.2002	<u>742.189</u>	<u>87.167</u>	<u>220.559</u>	<u>4.485.498</u>	<u>5.535.413</u>

Móðurfélag

Eigið fé 1.1.2002	743.489	67.898	190.842	3.231.798	4.234.027
Eigin hlutabréf, breyting	(1.300)		29.717		28.417
Greiddur arður				(125.965)	(125.965)
Endurmat eigna		141.119			141.119
Hagnaður ársins				1.305.631	1.305.631
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga		(47.816)			(47.816)
Endurmat eigin fjár		(74.034)		74.034	
Eigið fé 31.12.2002	<u>742.189</u>	<u>87.167</u>	<u>220.559</u>	<u>4.485.498</u>	<u>5.535.413</u>

Skuldbindingar

Tekjuskattskuldbinding

32. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2002	169.088	169.631
Reiknaður tekjuskattur	298.445	295.404
Tekjuskattur til greiðslu 2003 vegna ársins 2002	(246.919)	(240.732)
Skuld við dótturfélög vegna samsköttunar	0	(1.839)
Reiknaðar verðbætur	3.390	3.400
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2002	<u>224.004</u>	<u>225.864</u>

Skýringar, frh.:

32. Frh.:

	Samstæða	Móðurfélag
Tekjuskattsskuldbindingin skiptist þannig á einstaka liði í efnahagsreikningi:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	193.269	191.580
Eignarhlutir í öðrum félögum	37.942	42.269
Viðskiptakröfur	(11.509)	(12.287)
Aðrir liðir	4.302	4.302
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2002	<u>224.004</u>	<u>225.864</u>

33. Á móðurfélaginu hvíla ábyrgðarskuldbindingar að fjárhæð 60 millj. kr. vegna sölu á viðskiptaskuldabréfum til lánastofnanna. Einnig er Skeljungur hf. í ábyrgðum hjá lánastofnunum fyrir dótturfélög sín og önnur félög fyrir allt að 92 millj. kr.

Langtímaskuldir

34. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Samstæða	Móðurfélag
Skuldir í íslenskum krónum	<u>325.115</u>	<u>270.922</u>
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR	1.617.227	1.617.227
Skuldir í USD	1.004.538	1.004.538
Skuldir í GBP	63.175	63.175
Skuldir í NOK	40.789	40.789
Skuldir í DKK	38.629	38.629
Skuldir í JPY	25.862	25.862
Skuldir í SEK	17.192	17.192
Skuldir í CHF	11.752	11.752
	<u>2.819.164</u>	<u>2.819.164</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	3.144.279	3.090.086
Næsta árs afborganir	(46.954)	(26.923)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>3.097.325</u>	<u>3.063.163</u>

35. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2002 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2003	46.954	26.923
Árið 2004	44.426	26.923
Árið 2005	272.749	256.090
Árið 2006	124.842	124.842
Árið 2007	979.741	979.741
Síðar	<u>1.675.567</u>	<u>1.675.567</u>
Langtímaskuldir samt als, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>3.144.279</u>	<u>3.090.086</u>

Yfirlit um sjóðstreymi

36. Á árinu seldi félagið hluti sína í félögunum Haraldi Böðvarssyni hf., Skagstrendingi hf. og Útgerðarfélagi Akureyringa hf. og fékk þá greidda næð hlutum í Hf. Eimskipafélagi Íslands vegna kaupa þess síðastnefnda á meirihluta hlutafjár í fyrrnefndum félögum. Bókfærður söluhagnaður þessara viðskipta nemur 147 millj. kr. Viðskiptin hreyfa ekki við handbæru fé og koma því ekki fram í yfirliti um sjóðstreymi.

Óvissa

37. Í desember 2001 gerðu starfsmenn Samkeppnisstofnunar húsleit á skrifstofu Skeljungu hf. vegna rannsóknar á meintum brotum á samkeppnislögum. Ekki er ljóst hvenær úrskurðar er að vænta í málinu eða hvaða áhrif hann kann að hafa á starfsemi félagsins.

Önnur mál

38. Í október 2002 skuldbatt félagið sig til að leggja fram hlutafé í einkahlutafélagið Ráeyri ehf. að fjárhæð 78 millj. kr. og var fjárhæðin greidd í janúar 2003. Skeljungur hf. á 6,5% eignarhlut í Ráeyri ehf. í janúarlok 2003 og er fjárfestingin eignfærð á árinu 2003.
39. Félagið er aðili að Eignarhaldsfélaginu Sundabakki ehf. en tilgangur þess félags er að byggja og leigja vöruhótel við Sundahöfn í Reykjavík. Hlutafé Sundabakka ehf. 31. desember sl. nam 1 millj. kr. og átti Skeljungur hf. 31,7% eignarhlut. Félagið hefur skuldbundið sig til að leggja fram viðbótarhlutafé í Sundabakka ehf. allt að fjárhæð 171 millj. kr. á árinu 2003.

